

Bæjarstjórn Ölfuss - 324

Haldinn í Ráðhúsi Ölfuss,

14.12.2023 og hófst hann kl. 16:30

Fundinn sátu: Gestur Þór Kristjánsson forseti bæjarstjórnar,

Grétar Ingi Erlendsson bæjarfulltrúi,

Erla Sif Markúsdóttir bæjarfulltrúi,

Guðlaug Einarsdóttir 1. varamaður,

Hrönn Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi,

Vilhjálmur Baldur Guðmundsson bæjarfulltrúi,

Ása Berglind Hjálmarsdóttir bæjarfulltrúi,

Ellíði Vignisson bæjarstjóri,

Sandra Dís Hafþórsdóttir sviðsstjóri,

Fundargerð ritaði: Sandra Dís Hafþórsdóttir, sviðsstjóri

Í upphafi fundar leitaði forseti eftir athugasemdum við fundarboðið, engar athugasemdir bárust.

Einnig óskaði forseti eftir því að taka mál nr. 2106046 inn með afbrigðum og var samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2311002 - Gjaldskrár Sveitarfélagsins Ölfuss 2024

Gjaldskrár ársins 2024, síðari umræða.

Fyrir bæjarstjórn lágu gjaldskrár þorlákshafnar fyrir árið 2024, gjaldskrá Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2024 og gjaldskrá Velferðarþjónustu Ölfuss fyrir árið 2024 til seinni umræðu. Frá fyrri umræðu hefur sú breyting verið gerð á gjaldskrám sveitarfélagsins að í stað þess að leiðréttu þær um 7,7% raunverðbólgu síðasta árs eru þær eingöngu leiðréttar um hluta þess eða 6,9%.

Ellíði Vignisson, Grétar Ingi Erlendsson og Ása Berglind Hjálmarsdóttir tóku til máls.

Grétar Ingi Erlendsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd bæjarfulltrúa D-lista.

Eins og rætt var við fyrri umræðu gjaldskráa var tekin sú ákvörðun um að leiðréttu gjaldskrár sveitarfélagsins ekki um 7,7% raunverðbólgu heldur eingöngu 6,9%. Meirihluti D-lista fagnar þessu og vill ítreka vilja sinn til að standa með launafólk, fyrirtækjum og opinberum aðilum í baráttu við verðbólgu. Meirihluti D-lista vill samhliða þessu lýsa sig viljug til að lækka gjaldskrár enn frekar ef komandi kjarasamningar gefa forsendur til slíks. Í samræmi við þessar áherslur sínar vill meirihluti D-lista beina því til fræðslu- og fjölskyldunefndar að láta vinna samanburð á gjaldskrám fjölskyldu- og velferðamála hjá 3 til 5 samanburðarsveitarfelögum.

Bæjarfulltrúar D-lista.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrár Sveitarfélagsins Ölfuss 2024.

Samþykkt samhljóða.

2. 2311050 - Gjaldskrá vatnsveitu 2024

Gjaldskrá vatnsveitunnar fyrir árið 2024, síðari umræða.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá vatnsveitu 2024.

Samþykkt samhljóða.

3. 2308041 - Fjárhags- og framkvæmdaáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss 2024-2027.

Fyrir bæjarstjórn lá fjárhags- og framkvæmdaáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir 2024-2027 til síðari umræðu.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi breytingum:

\* Gjaldskrár eru ekki leiðréttar um 7,7% raunverðbólgu heldur í 6,9%.

\* Álagningaráðsentsa fasteignaskatts er lækkuð úr 0,24% í 0,23%.

\* Fjármagn er merkt til kaupa á gámi á íþróttavelli og því bætt við fjárfestingaráætlun 2024 kr. 2.500.000

\* Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum við grunnskólann í Hveragerði til viðbótar:

2024 grunnskóli 3.áfangi 2.000.000,  
2025 grunnskóli 4.áfangi 32.600.000, leikskóli 12.000.000  
2026 grunnskóli 4.áfangi 47.000.000, leikskóli lækkun 15.000.000  
2027 grunnskóli 4.áfangi 41.000.000, leikskóli 30.000.000

\* Gert er ráð fyrir kaupum á vogum við gámasvæði í fjárfestingum árins 2024, 50 milljónir.

\* Rekstur á eldhúsi- hækkun. Hækkun milli umræðna er alls 8.260.00 og skiptist svona: Laun (3.210.000) og Matvæli (5.050.000 )

\* Sjóðurinn góði verður styrktur um 500.000 á næsta ári

\* Viðbót við staðgreiðslu 2024 í samræmi við nýtt uppgjör frá fjársýlunni, hækkun 40 millj.

\* Viðbót við rekstur 2026 og 2027: 170.000.000 vegna leikskóla (verður að fullu kominn í gagnið þá).

Lykiltölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 eru sem hér segir í þúsundum króna:

A-hluti 2024:

Tekjur alls kr. 4.133.605

Gjöld alls fyrir fjármagnsliði kr. 3.638.669

Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 253.539

Handbært fé frá rekstri kr.470.843

Afborganir langtímalána kr. 183.154

Handbært fé í árslok kr. 140.691

Fjárhagsáætlun B-hluta 2024:

Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs, hagnaður kr. 146.300

Rekstrarniðurstaða Vatnsveitu, hagnaður kr. 30.006

Íbúðir eldri borgara, tap kr. 4.530

Félagslegar íbúðir, tap kr. 4.452

Fráveita Ölfuss, hagnaður kr. 83.432

Fjárhagsáætlun samstæðu Ölfuss 2024:

Tekjur alls kr. 4.951.080

Gjöld alls kr. 3.970.213

Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 449.698

Handbært frá rekstri kr. 923.652

Afborganir langtímalána kr. 242.329

Handbært fé í árslok kr. 117.931

Þá er ráðgert að A-hluti verði rekinn með 145 millj. króna hagnaði árið 2025 og samstæða með 372 millj. króna hagnaði. Árið 2026 er ráðgert að A hluti skili 60 millj. króna hagnaði og samstæða 450 millj. króna hagnaði. Þá gerir áætlun ráð fyrir að árið 2027 skili A hluti 146 millj. króna hagnaði og samstæða 396 millj. króna hagnaði.

Fjárfestingar samstæðunnar árið 2024 eru áætlaðar 1.045 milljónir og að lántaka sé engin. Skuldahlutfall ársins 2024 verður 70,8% og reiknað skuldahlutfall skv. lögum verður 47,9%.

Elliði Vignisson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2024-2027.

Samþykkt samhljóða.

4. 2311033 - Nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands

Nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands, síðari umræða.

Bæjarstjórn samþykkir samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands.

Samþykkt samhljóða.

5. 2312009 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi vegna starfsmannahúsa Eldhestar

Eldhestar leggja fram beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi er snýr að byggingu starfsmannabústaða á byggingarreit S1. Í upphaflegu deiliskipulagi var gerð krafra um að

bústaðirnir væru á steyptum sökklum og með steyptri plötu. Fyrirtækið hefur óskað eftir því að fá að nota timburgólf.

Afgreiðsla nefndar: Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að skipulags- og byggingarfulltrúa verði heimilað að samþykkja breytinguna og ganga frá málinu í samræmi við 3. málsgrein 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Umsækjandi þarf að sækja formlega um byggingarleyfi og hús þurfa að uppfylla kröfur byggingareglugerðar að öðru leyti.

Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

#### 6. 2301018 - ASK og DSK Mói miðbær - miðbæjarsvæði - breyting 3 á skipulagi

Tillagan hefur verið auglýst. Ein athugasemd kom frá fyrirtæki í bænum sem benti á að ekki væru næg bifreiðastæði í tillögunni og að gert væri ráð fyrir of mörgum íbúðum sem gæti leitt af sér að hætta skapist fyrir gangandi umferð um svæðið. Er þessi breyting jafnframt borin saman við aðra þar sem synjað var að breyta þriggja íbúða raðhúsi í fjórar íbúðir í maí 2021, á lóð sem tengist fyrirtækinu en þá mótmælti fjöldi búa við grenndarkynningu. Er tillaga að svarbréfi til fyrirtækisins í viðhengi. Ennfremur kom ábending frá Umhverfisstofnun um hraun á svæðinu og ábendingu varðandi skólpmál sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er með hreinsistöð fyrir skólp í útboði um þessar mundir og er áætlað að hún verði byggð upp næstu mánuðum. Á svæðinu sem fer undir miðbæjartorg og þær lóðir sem skipulagið fjallar um eru engar hraunmyndanir, hraunlænur, hraunbólstrar eða aðrar verndarverðar hraunmyndanir.

Afgreiðsla nefndar: Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að ganga frá málinu í samræmi við 1. málsgrein 42. greinar og 2. málsgrein 32. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

#### 7. 2311069 - Áskorun frá skipulagsfulltrúum Ölfuss, Árborgar og Hveragerðis

Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins hefur um nokkurt skeið fundað með skipulagsfulltrúum nágrannasveitarfélaganna og rætt sameiginleg hagsmunamál, þar á meðal samgöngumál og sérstaklega strætósamgöngur. Breytingar eru í vændum tengdar innleiðingu borgarlínunnar í Reykjavík og er mikilvægt í því sambandi að gæta að hagsmunum okkar sem búum á jaðri þess atvinnusvæðis sem stór-höfuðborgasvæðið er orðið.

Skipulagsfulltrúarnir munu óska eftir að stuðningi við áskorunina, hver í sínu sveitarfélagi áður en hún verður send til eftirfarandi aðila í stjórnkerfinu:

Innviðaráðuneytið

Umhverfisráðuneytið

Vegagerðin

Strætó

Reykjavíkurborg

Betri samgöngur

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi

Afgreiðsla nefndar: Nefndin styður það sem kemur fram í áskorun skipulagsfulltrúanna einróma og leggur til við bæjarstjórn að hún geri það líka.

Afgreiðsla nefndarinnar staðfest. Bæjarstjórn tekur undir áskorunina.

8. 2302023 - ASK og DSK Litla Sandfell breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir námasvæðið við Litla-Sandfell. Unnið hefur verið umhverfismat og liggur álit Skipulagsstofnunar þar um fyrir.

Sértæk skipulagsákvæði fyrir svæðið eru óbreytt nema að námasvæðið er stækkað úr 24,3 ha. í 40 ha. og heildar efnistaka eykst úr 10.000.000 rúmmetrum í 18.000.000 rúmmetra.

Eftirfarandi sértæk skipulagsákvæði koma fram í tillöggunni:

Þar sem hluti námunnar er á fjarsvæði vatnsverndar skal liggja fyrir aðgerðaráætlun um hvernig bregðast skuli við óhöppum varðandi mengandi efni, áður en starfleyfi er gefið út. Áætluð efnitaka á ári er um 625.000 m<sup>3</sup>.

Afgreiðsla nefndar: Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillögurnar og ganga frá málinu í samræmi við 31. gr. og 1. málsgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Ása Berglind Hjálmarsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég tel þessar fyrirætlanir um að heimila það að moka í burtu Litla Sandfelli í heild sinni algjörlega afleitar og til þess að rökstyðja það álit mitt ætla ég að vitna í álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýslu þessa verkefnis og áhrif þess á ólíka þætti:

Um áhrif á jarðmyndanir segir m.a.:

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í umsögn sinni á að móberg sé í eðli sínu sérstakt á heimsvísu og hafi hátt verndargildi. Litla-Sandfell sé ólíkt móbergsfjöllunum í nágrenninu þar sem ekki sé á því grágrýtishetta. Fellið sé stuttur móbergshryggur á meðan nágrannafjöllin séu flest móbergsstapar. Ef Litla-Sandfell hverfi verði jarðfræðin einsleitnari en nú er og jarðbreytileiki minnki. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun

um að móbergsmyndanir hafi mikið verndargildi á alþjóðlega vísu. Móberg, einkum móbergshryggi, megi líta á sem ábyrgðartegund Íslands í jarðbreyleika heimsins. Einkum vegna þess að samsplil eldvirkni og vatns sem myndar móberg hefur óvíða skilið eftir jafn skýr ummerki í landformum og jarðmyndunum og finna má á Íslandi. Skipulagsstofnun telur áhrif á jarðmyndanir vanmetnar í umhverfismatsskýrslu.

Um áhrif á landslag og ásýnd segir m.a.:

Skipulagsstofnun telur að veigamestu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Þó svo að Litla Sandfell rísi eingöngu um 95 metra yfir umhverfi sitt í Leitahrauni þá er fellið afgerandi kennileiti í landslagi svæðisins. Fellið er stakstætt en ekki samvaxið öðrum móbergshryggjum líkt og flestar sambærilegar jarðmyndanir á svæðinu. Brottnám þess á tiltölulega skömmum tíma eða þeim 30 árum sem ætlað er að taki að moka því burt hefur mikil og óafturkræf áhrif sem engin leið er að bæta fyrir með mótvægisáðgerðum af nokkru tagi. Skipulagsstofnun er sammála Náttúrufræðistofnun og Landvernd og telur sjónræn áhrif og áhrif á landslag verða verulega neikvæð.

Um áhrif á grunnvatn segir m.a.:

Skipulagsstofnun tekur undir með varnaðarorðum umsagnaraðila vegna mögulegra áhrifa á grunnvatn. Þó svo að efnistaka í Litla Sandfelli hafi staðið í áratugi sem og efnisflutningar um þrengslaveg, þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir margfalt umfangsmeiri en nokkru sinni hefur verið. Samhliða stórauknu umfangi eykst notkun og geymsla varasamra efna sem ásamt aukinni umferð hefur í för með sér stóraukna hættu á því að varasöm efni berist í grunnvatn. Eins og bent hefur verið á er nánast enginn jarðvegur við Litla Sandfell en það þýðir að olía sem hellist niður á greiða leið í grunnvatn.

Um áhrif á útivist og ferðamennsku segir m.a.:

Skipulagsstofnun telur að þó svo að unnt verði að stunda útivist og heimsækja alla þá staði sem nýttir eru til útivistar, nema Litla Sandfell, þá muni efnistakan hafa í för með sér mikla breytingu á upplifun útivistarfólks. Nú er svæðið fremur friðsælt og einu athafnirnar sem útivistarfólk verður vart við er umferð á þrengslavegi. Í stað þess verður stöðug athafnasemi með miklum efnislager við Litla Sandfell og mikil og hávær umferð vörubíla til og frá fjallinu allan ársins hring. Fyrir vikið mun upplifun útivistarfólks í umhverfi fellsins gjörbreytast og svæðið verður ekki jafn eftirsóknarvert til útivistar fyrir þá sem sækja í kyrrlátt umhverfi skammt frá höfuðborgarsvæðinu. Þá verður ótvíraett sjónarsviptir fyrir útivistarfólk af því að fjarlægja Litla Sandfell sem er afgerandi kennileiti í hraunbreiðunni í Þrengslum. Þá telur Skipulagsstofnun það rýra upplifun þeirra sem heimsækja Raufarhólshelli að nánast við hellismunnann verður sífelldur hávaði frá stórum vörubílum.

Um áhrif á vegi og umferð segir m.a.:

Vegagerðin bendir á að á flutningsleiðinni séu vegir á köflum bæði mjórrri og brattari en veghönnunarreglur geri ráð fyrir. Enda slysatiðni heldur hærri en meðaltal fyrir þjóðvegi í dreifbýli á landinu öllu. Veruleg viðbótarumferð þungra ökutækja muni hafa neikvæð áhrif á

umferðaröryggi. Með hliðsjón af umsögn Vegagerðarinnar þá sé ekki unnt að hefja stórfellda efnisflutninga úr Litla Sandfelli um núverandi veg til Þorlákshafnar. Sá vegur uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gera þarf til þjóðvegar sem er ætlað að anna jafn umfangsmiklum flutningum og Eden Mining ráðgerir.

Um áhrif á loftslag segir m.a.:

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að vinnsla á nýju efni sé ekki í anda hringrásarhagkerfisins, þegar hægt sé að nýta efni sem nú þegar fellur til í annarri framleiðslu. Með notkun efnis sem fellur til nær framleiðslustandað lokavörurnar megi þannig bæði nýta úrgang og draga verulega úr efnisflutningum. Umhverfisstofnun bendir á að nýting þess efnis sem nú þegar falli til í Evrópu, en sé ef til vill ekki endurnýtt í dag heldur urðað, falli betur að stefnu stjórvalda hérlendis um hringrásarhagkerfi og auðlindanýtingu. Mikil áhersla sé, bæði hjá íslenskum stjórnvöldum og innan Evrópusambandsins, á að hringrásarhagkerfið sé haft til hliðsjónar í allri ákvarðanatöku. Víða sé unnið að því að koma iðnaðarleifum af ýmsu tagi í sementsframleiðslu. Til viðbótar við flugósku úr kolaorkuverum falli t.d. til efni við brennslu heimilissorps eða bruna lífmassa, líkt og timburs, sem í dag sé urðað en væri mögulega hægt að nota.

Fyrir þau sem vilja kynna sér betur álit Skipulagsstofnunar um þessa framkvæmd þá fylgir hér hlekkur á skjalið.

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1925/202206086 - Á lit um Litla Sandfell.pdf>

Ég er alfaríð á móti þessari framkvæmd, en enn og aftur ætlað bæjarstjórn Ölfuss að vega að náttúrunni og útvistarsvæðum í sveitarfélagini og það án þess að íbúar séu búinir að fá að kjósa um þetta tiltekna verkefni.

Ása Berglind Hjálmarsdóttir H-lista

Niðurstaða nefndarinnar sett í atkvæðagreiðslu og hún staðfest með 6 atkvæðum bæjarfulltrúa D- og B-lista. Bæjarfulltrúi H-lista greiddi atkvæði á móti.

9. 2310028 - DSK deiliskipulag Hlíðarendi L171724

DSK deiliskipulag Hlíðarendi. Skipulagshöfundur leggur fram uppfærðan uppdrátt en málinu var frestað á 60. fundi í október vegna þess að gamla Hlíðarendabæinn vantaði á uppdráttinn. Honum hefur nú verið bætt við.

Afgreiðsla nefndar: Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagsлага nr. 123/2010.

Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

10. 2103042 - DSK Þórustaðanáma

Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun gerðu athugasemdir á auglýsingatíma við deiliskipulag Þórustaðanámu. Nú hefur tillagan verið uppfærð til samræmis og borist hefur staðfesting frá Heilbrigðiseftirliti að svo sé.

Af umhverfissjónarmiðum er ekki talin ástæða til að verða við ábendingu Umhverfistofnunar um stækka námusvæðið gegn því að dýpt þess verði minnkuð. Bætt er við eftirfarandi kafla í greinargerð kafla 4.1.4 sem fjallar um ásýnd og frágang til að mæta annari ábendingu Umhverfisstofnunnar:

Við lok vinnslu eða verði starfsemi hætt skal fjarlægja öll mannvirki og skila svæðinu snyrtilegu og þannig að ekki sé óþarfa hraunhætta.

Þann 12. janúar nk. rennur út frestur til að birta skipulagið í stjórnartíðindum. Því er brýnt að birting fari fram sem fyrst eftir bæjarstjórnarfund.

Afgreiðsla nefndar: Nefndin beinir því til bæjarstjórnar að skipulagsfulltrúa verði falið að ganga frá málinu og auglýsa tillöguna í B-deild Stjórnartíðinda fyrir 12. janúar 2024 í samræmi við 1. málgrein 42. greinar skipulagsлага nr. 123/2010.

Elliði Vignisson tók til máls.

Tillaga nefndarinnar lögð fram til atkvæðagreiðslu og var hún staðfest með 6 atkvæðum D- og B-lista. Bæjarfulltrúi H-lista sat hjá.

17. 2106046 - Fundargerðir og ársskýrslur Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 10.11.2023.

Sérstaklega þarf að taka fyrir lið nr. 1 á dagskrá: Húsaleigusamningur milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar, í samræmi við 10. grein í stofnsamþykkt Héraðsnefndar þar sem segir: „Samþykki allra sveitarstjórnna aðildarsveitarfélaganna þarf til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar, meiriháttar eignabreytingar, ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi”

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkir fyrirliggjandi húsaleigusamning.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir til staðfestingar

11. 2311010F - Ungmennaráð - 4

Fundargerð 4.fundar ungmannaráðs frá 20.11.2023 til staðfestingar.

1. 2311045 - Erindisbréf ungmannaráðs og fl. Til kynningar.

Fundargerðin lögð fyrir í heild sinni og hún staðfest.

12. 2311006F - Bæjarráð Ölfuss - 410

Fundargerð 410.fundar bæjarráðs frá 07.12.2023 til staðfestingar.

1. 2304049 - Útistofa við Bergheima. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

2. 2308047 - Beiðni um endurnýjun á viljayfirlýsingu vegna Hnjúkamóa 2 og 4. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

3. 1912038 - Lóðaúthlutanir til Þróunarfélagsins Lands ehf. Til kynningar.

4. 2312012 - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

5. 2311051 - Útboð á vátryggingum Sveitarfélagsins Ölfuss. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

6. 2312008 - Umsókn um rekstrarstyrk árið 2024. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

7. 1704002 - Lagafrumvörp Beiðni Alþingis um umsögn. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

Fundargerðin tekin fyrir í heild sinni og hún staðfest.

13. 2311007F - Skipulags- og umhverfisnefnd - 63

Fundargerð 63.fundar skipulags- og umhverfisnefndar frá 06.12.2023 til staðfestingar.

1. 2310028 - DSK deiliskipulag Hlíðarendi L171724. Tekið fyrir sérstaklega.

2. 2302023 - ASK og DSK Litla Sandfell breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag. Tekið fyrir sérstaklega.

3. 2103042 - DSK þórustaðanáma. Tekið fyrir sérstaklega.

4. 2301018 - ASK og DSK Mói miðbær - miðbæjarsvæði - breyting 3 á skipulagi. Tekið fyrir sérstaklega.

5. 2311058 - DSK Hellisheiðarvirkjun 19. breyting á deiliskipulagi. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

6. 2311054 - Útskipting lands úr Árbæ IV L171662. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

7. 2312001 - Stóragerði stofnun lóðar. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.

8. 2311069 - Áskorun frá skipulagsfulltrúum Ölfuss, Árborga og Hveragerðis. Tekið fyrir sérstaklega.

9. 2311070 - Stofnun lóðar Skæruliðaskálinn - Skæruliðaskáli. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
10. 2311056 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - ljósleiðari í þrengslum. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
11. 2311052 - Efnistaka í Höfðafjöru - umsögn um umhverfismat. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
12. 2311043 - Fyrirspurn um efnistöku á Hellisheiði. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
13. 2311037 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Sögusteinn 1 - Flokkur 1. Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
14. 2311035 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Hafnarskeið 12, Svartasker 2 - Flokkur 1.
- Niðurstaða nefndarinnar staðfest.
16. 2312009 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi vegna starfsmannahúsa Eldhestar. Tekið fyrir sérstaklega.
15. 2310011F - Afgreiðslunefnd byggingarfulltrúa - 55. Til kynningar.

Fundargerðin tekin fyrir í heild sinni og hún staðfest.

Fundargerðir til kynningar

14. 1602012 - Samstarf sveitarfélaga Fundargerðir stjórnar SASS.

Fundargerð ársþings SASS frá 26.-27. október 2023 til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

15. 1603005 - Samstarf sveitarfélaga Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 939.fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 05.12.2023 til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

16. 1701026 - Brunamál Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu

Fundargerð 14.fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu frá 14.11.2023 til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10